



Morgunblaðið/Einar Falur

Hetjur Meðal markmiða verkefnisins sem verkin byggjast á var að styrkja sjálfsmynd nemenda, gagnrýna hugsun og trú þeirra á eigin getu.

Fjölbreytt verk barna í safninu

Í Listasafni Reykjavíkur – í porti og fjölnotasal Hafnarhússins og fundarherbergi Kjarvalsstaða – hefur verið sett upp viðamikil og fjölbreytileg samsýning nemenda 15 leik- og grunnskóla í Reykjavík. LÁN – Listrænt ákall til náttúrunnar er yfirskrift sýningarinnar og eru verkin afrakstur samstarfs barna við hóp listamanna, fólks sem starfar í heimi vísinda og kennara í leikskólum og grunnskólum í Reykjavík.

Verkin á sýningunni eru niðurstaða þróunarverkefnis LÁN, sem er liður í innleiðingu nýrrar menntastefnu í Reykjavík, „Látum draumana rætast“, en byggt er á þverfaglegri nálgun þar sem nem-

endur fjalla um málefni náttúrunnar á skapandi og nýstárlegan hátt með aðferðum list- og verkgreina. Verkefninu er meðal annars ætlað að styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Meðal markmiða verkefnisins er að styrkja sjálfsmynd nemenda, gagnrýna hugsun og trú þeirra á eigin getu, ýta undir nýsköpun og stuðla að skapandi kennsluháttum. Unnin hafa verið fjölbreytt verkefni, m.a. verkefni um mikilvægi skordýra, rannsóknir á býflugum og dýrum í útrýmingarhættu, áhrif hlýnunar sjávar, bráðnun jökla, fataiðnaðinn, nýtt land að verða til, náttúrustemningar í anda Kjarvals og um samband manns og náttúru.



Eldgos Verkin fjalla um náttúruna frá ýmsum sjónarhornum og er nálgunin oft óvenjuleg. Hér er til að mynda fjallað um eldvirkni og sköpun lands.